

Ár 1992, miðvikudaginn 18. nóvember var í málinu nr. 4/1992 kveðinn upp af Yfirfasteignamatsnefnd svohljóðandi

#### Ú R S K U R Ð U R:

Málavextir eru þeir, að með bréfi dags. 9. apríl 1992 óskaði oddviti Grímsneshrepps fyrir hönd hreppsnefndar eftir því að Yfirfasteignamatsnefnd felli úrskurð um af hvaða húsum og mannvirkjum á Sólheimum í Grímsneshreppi skuli greiða fasteignagjöld. Í bréfinu segir að Sólheimar sé sjálfseignarstofnun fyrir þroskaheft fólk en margar vistingar séu þannig að þar búi einnig gæslufólk í litlum íbúðum í þessum húsum. Þá kemur fram að það sé vilji beggja aðila Grímsneshrepps og Sólheima að greitt verði af þeim byggingum sem löggjafinn ætlist til þó verði þetta metið með velvild af hálfu Grímsneshrepps.

Föstudaginn 29. maí sl. fór Yfirfasteignamatsnefnd ásamt starfsmanni nefndarinnar á vettvang og skoðaði vistheimilið Sólheima í Grímsnesi. Viðstaddir vettvangsgöngu voru Böðvar Pálsson, oddviti Grímsneshrepps og Sveinn Kjartansson, forstöðumaður Sólheima, sem gáfu upplýsingar og reifuðu sjónarmið aðila.

Eignir og nýting eigna sem mál þetta snýst um er eftirfarandi, en eignirnar eru tilgreindar samkvæmt matshlutum og heitum húsa samkvæmt upplýsingum aðila.

Matshluti 00.	Jörð í ábúð.
Matshluti 01.	Ræktun. Nýtt til búreksturs.
Matshluti 02-03.	Hlunnindi. Heitt vatn, sem nýtt er til upphitunar á húsum og annarra þarfa vistheimilis og búrekstrar. Að litlum hluta lax- og silungsveiði.
Matshluti 04.	Gamla Sólheimahúsið. Skrifstofur og gistiherbergi fyrir sumarafleysingafólk.
Matshluti 05-15.	Útihús. Nýtt í þágu búreksturs.
Matshluti 16.	Íþróttaleikhús. Íþrótt- og samkomuhús. Vinnustofur fyrir vistmenn í kjallara.
Matshluti 17.	Lækjarbakki. Starfsmannahús.
Matshluti 18.	Gimli. Vistmannahús og kaffistofa.
Matshluti 19.	Sveinalundur. Starfsmannahús.
Matshluti 20.	Hvammur. Húsnæði fyrir vistmenn og gæslumenn þeirra.
Matshluti 21.	Selhamrar. Starfsmannahús.
Matshluti 22.	Birkihlíð. Starfsmannahús.
Matshluti 23.	Fagrabrekka. Vistmannahús.
Matshluti 24.	Viðbygging við Sólheimahús. Mötuneyti, þvottahús og geymslur.
Matshluti 25.	Hverakot. Vistmannahús.
Matshluti 26.	Brekkukot. Starfsmanna og vistmannahús.
Matshluti 27.	Þvottahús. Búningsklefar sundlaugar.
Matshluti 28.	Skóli. Hluti af Selhömrum (mhl.21). Skóla- rekstur samkvæmt lögum um grunnskóla.
Matshluti 29.	Ömmuhús. Geymsla.
Matshluti 30.	Brautarholt. Íbúð fyrir vistmenn ásamt herbergjum gæslumanna.

Matshluti 31. Steinahlíð. Íbúð fyrir vistmenn ásamt  
herbergjum gæslumanna.  
Matshluti 32. Sundlaug.

Niðurstaða:

Ákvæði 5. gr. laga nr. 90/1990 um tekjustofna sveitarfélaga felur í sér undantekningar frá meginreglu 3. gr. laganna að leggja skuli skatt til sveitarfélags á allar fasteignir sem metnar eru af Fasteignamati ríkisins. Undantekningarnar eru taldar upp í 1. mgr. 5. gr. en þar segir:

Undanþegin fasteignaskatti eru sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús og hús annarra ríkja að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Sama gildir um lóðir slíkra húsa.


Upptalning í ákvæðinu er tæmandi og ber að mati Yfirfasteignamatsnefndar að skýra ákvæðið þröngt. Með lögum nr. 91/1989 var fækkað undanþágum frá álagningu fasteignaskatts og voru m.a. felld niður úr upptalningu undantekninga í 1. mgr. 5. gr. "Öryrkja- og elliheimili". Sjálfseignarstofnunin Sólheimar í Grímsnesi er eigandi vistheimilisins Sólheima, sem er vistheimili fyrir fatlað fólk. Vistheimilið og rekstur þess er háður lögum um málefni fatlaðra, sbr. núgildandi lög nr. 59/1992. Eftirlit með framkvæmd laganna heyrir undir félagsmálaráðuneytið. Ekki verður því talið að vistheimilið Sólheimar geti talist "sjúkrastofnun samkvæmt heilbrigðislögum" og fellur því vistheimilið ekki undir undanþáguákvæði 1. mgr. 5. gr. Hvað varðar einstaka matshluta þá er undanþeginn fasteignaskatti samkvæmt ákvæðinu skóli, matshluti 28, og einnig sundlaug og búningsklefar sundlaugar, matshlutar 27 og 32, sem teljast íþróttahús í skilningi 1. mgr. 5. gr. Íþróttaleikhús er undanþegið að hluta, sbr. 3. mgr. 5. gr., en með tilliti til notkunar hússins ber að greiða fasteignaskatt af 1/3 hluta. Af öðrum matshlutum ber að greiða fasteignaskatt.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð

Af sundlaug, skóla og búningsklefum sundlaugar, matshlutum 27, 28 og 32 ber ekki að greiða fasteignaskatt. Af íþróttaleikhúsi, matshluta 16, ber að greiða fasteignaskatt af 1/3 hluta. Af öðrum matshlutum ber að greiða fasteignaskatt.

Úrskurður þessi gildir um álagningu fasteignaskatta árið 1992.

  
Pétur Stefánsson

  
Guðný Björnsdóttir

  
Guðmundur Magnússon